


Þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætluninni (NPP) 2007-2013

Norðurslóðaáætlunin 2007-2013

Þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætluninni 2007-2013 byggir á stefnu í byggðamálum fyrir árin 2010-2013. Í stefnunni er kveðið á um alþjóðlegt samstarf m.a. í þeim tilgangi að auka markvisst þátttöku atvinnulífs og stofnana á landsbyggðinni í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Norðurslóðaáætlunin er samkeppnissjóður sem rekin er á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þar sem umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er.

Landssvæði

Norðurslóðaáætlunin nær landfræðilega yfir stórt svæði, en þáttökulöndin eru Skotland, Írland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland, Noregur, Ísland, Grænland og Færeyjar.



Mynd 1. Starfssvæði Norðurslóðaáætlunarinnar 2007-2013 Heimild: Nordregio 2007

Aðstæður og áherslur þáttökusvæðanna eru margbreytilegar en hafa ákveðin sameiginleg einkenni sem felast m.a. í veðurfarslegum aðstæðum norðurslóða, strjálbýli, miklum vegalengdum, náttúruauðlindum og háu menntunarstigi. Fjölbjóðleg samvinna innan Norðurslóðaáætlunarinnar gefur mikil tækifæri til að þróa og finna nýjar leiðir til bættra búsetuskilyrða í víðum skilningi.

Markmið og áherslur

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunarinnar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi, auk eflingar búsetuþátta með fjölbjóða samstarfsverkefnum milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Áhersla 1. Efling nýsköpunar

Áhersla er lögð á að auka nýsköpun og samkeppnishæfni svæða með auknu alþjóðlegu samstarfi og samstarfsnetum. Bætt aðgengi á sviði fjarskipta og samganga. Miklar auðlindir einkenna norðurslóðir og er þá horft til orkuvinnslu, skóga og auðlinda hafsins, náttúrufegurðar og umhverfisgæða.

Áhersla 2. Umhverfi sem styrkleiki norðurslóða og samhengi nýtingar og verndar

Áherslan hvetur til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda þar sem sérstaklega er horft til samspils umhverfisverndar og efnahagslegrar nýtingar. Menning og saga er ein af grunnstöðum samstarfs og eykur samkennd og skilning. Áhersla áætlunarinnar er að styrkja og efla menningu og stuðla að þátttöku sem flestra í menningarlífi. Norðurslóðaáætlunin vinnur að eflingu skapandi greina á ýmsum vettvangi með sérstaka áherslu á samstarfsverkefni ungs fólks í dreifbýli og þéttbýli.

Með verkefnum er reynt að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja sé hindrun í samstarfi og framþróun byggða og atvinnulífs með það að markmiði að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best. Verkefnin eru unnin af ýmsum aðilum en þeir sem geta tekið þátt eru sveitarfélög, félagasamtök, ríkisstofnanir, atvinnuþróunarfélög, fyrirtæki, háskólar og rannsóknarstofnanir.

Fjármagn og framkvæmd

Heildarfjármagn Norðurslóðaáætlunarinnar 2007-2013 var um 50 milljónir evra eða u.þ.b. 7,8 milljarðar íslenskra króna. (1 evra = 155,5 ísl. kr.).

Mótfjármögnun verkefna

Almenna reglan er að 60% af kostnaði verkefna er fjármagnað af áætluninni. Í einstaka undantekningum var möguleiki á 75% fjármögnun verkefna. Að meðaltali var heildarstærð verkefna 1,5 milljónir evra. Alls bárust 98 umsóknir um aðalverkefnastyrki þar af voru 47 samþykktar.

Kröfur um mótfjármögnun var meiri héraendis en í samstarfslöndunum en samkvæmt ákvörðun stjórnar NPP á Ísland gat styrkur aldrei orðið hærri en sem nam 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Forverkefnisstyrkir voru í boði til þess að móta verkefni, leita samstarfsaðila og skrifa aðalumsókn. Forverkefnisstyrkur gat numið 30.000 evrum 2007-2012 en var hækkaður í 45.000 þúsund evrur árið 2013 (um 6,9 milljónir ísl. króna) og er ætlaður til að kosta allt að helmingi útlagðs kostnaðar vegna ferðalaga og vinnu.

Þátttaka íslenskra aðila í norðurslóðaverkefnum

Aðalverkefni

Alls tóku íslenskri aðilar þátt í 23 af 47 aðalverkefnum. Framlag íslenskra stjórnvalda var tæpar 1,8 milljónir evra eða um 279 milljónir ísl.kr. (1 evra = 155,5 ísl. kr.) til verkefna. Heildarkostnaður verkefna sem Íslendingar voru þátttakendur í nam um 16.8 milljónum evra eða um 2,6 milljörðum íslenskra króna.

Forverkefni


Íslenskir aðilar tóku þátt í 21 forverkefni af 55 sem stjórn NPP samþykkti á tímabilinu. Samtals bárust 121 forverkefnisumsókn.

Tafla 2. Þátttaka samstarfslandanna í aðalverkefnum 2007-2013

	Þátttaka í fjölda verkefna	Hlutfall í heildarfjölda verkefna (%)	Verkefnisstjórnun í fjölda verkefna	Fjöldi þátttakaenda í umsóknum
Skotland	34	72	10	49
Svíþjóð	25	53	11	58
Noregur	23	49	4	36
Ísland	23	49	1	41
Írland	20	43	7	36
Finnland	18	38	13	68
Norður-Írland	16	34	1	31
Grænland	11	23	0	11
Færeyjar	11	23	0	11
Kanada	4	8		4
Rússland	1	2		1
			47	346

Þátttakendur frá Íslandi

Landfræðileg dreifing íslenskra aðila sem tóku þátt í aðalverkefnum eftir landshlutum er nokkuð jöfn, í 19 verkefnum eru samstarfsaðilar staðsettir í a.m.k. tveimur landshlutum. Í fjórum verkefnum voru allir íslensku þátttakendurnir staðsettir í sama landshluta.



Mynd 1. Dreifing þátttakenda í NPP verkefnum 2007-2013 eftir landshlutum

NPP aðalverkefni með íslenskri þátttöku árin 2007-2013

Small Craft Emergency Response and Survival Training for Arctic Condition.

- Íslenskt heiti: Neyðarviðbrögð og öryggisþjálfun fyrir smábátasjómenn við heimsskautsaðstæður.
- Áhersla: 1 - Tímabil: 2012-2014
- NPP fjármagn: 657.177 €
- Framlag Íslands: 70.609 €
- Verkefnisstjórn: Írland
- Tengiliður: Hilmar Snorrason, hilmar@landsbjorg.is
- Umsækjandi: Slysavarnarskóli sjómanna.
- Þátttökulönd: Írlands, Skotlands, Svíþjóðar og Íslands. Íslenski þátttakandinn Slysavarnarskóli sjómanna sem var jafnframt tengiliður fyrir Færeyjar og Grænland.
- Heimasíða: <http://smacs-project.eu/?q=homes>

- Markmið verkefnisins var að hanna öryggisfræðslunámskeið fyrir sjómenn á smábátum á heimsskautssvæðinu. Hannað var fjarnám á netinu þar sem nýtt voru hermilíkön, sjómenn verklega þjálfun og haldnar voru æfingar með aðstoð björgunarsveitanna.

The cooperation for safety in sparsely populated areas - CoSafe.

- Áhersla 1 - Tímabil: 2008-2011
- NPP fjármagn: 828.684 €
- Framlag Íslands: 140.445 €
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Hildigunnur Svavarsdóttir, hildig@sak.is
- Umsækjandi: Sjúkrahúsið á Akureyri og Sjúkraflutningaskólinn í samstarfi við fjölmargra innlenda aðila.
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð, Finnland, Skotland og Grænland.
- Heimasíða: www.cosafe.eu
- Verkefnið vann að því að finna leiðir til að auka öryggi íbúa á fámennum svæðum. Hönnuð var viðbragðsáætlun vegna meiriháttar náttúruhamfara eða slyss í dreifbýli. Náðið samstarf var við björgunarsveitir, lögregluna og heilsugæslustöðvar.

Sustainable Aquaculture of Arctic charr - Northcharr.

- Áhersla 1- Tímabil: 2008-2011
- NPP fjármagn: 478.683 €
- Framlag Íslands: 118.838
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Helgi Thorarensen, helgi@holar.is
- Umsækjandi: Háskólinn á Hólum, Hólalax ehf.
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð og Noregur
- Heimasíða: www.northcharr.eu
- Markmið verkefnisins var að efla bleikjueldi og klasasamstarf fiskeldisfyrirtækja.

New Plants for the Northern Periphery Market - NPNP

- Áhersla: 1- Tímabil: 2009-2012
- NPP fjármagn: 425.029 €
- Framlag Íslands: 45.115
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Samson B. Harðarson, samson@lbhi.is
- Umsækjandi: Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í samstarfi við garðyrkjustöðvar og fyrirtæki.
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Finnland og Skotland og Íslands.
- Heimasíða: www.northernplants.net
- Markmið verkefnisins í meginatriðum var að rannsaka harðgerðar og verðmætar plöntur til notkunar á norðurslóð og koma þeim á markað. Garðyrkjufyrirtæki settu á markað á annan tug plantna sem henta veðurfari á norðurslóðum.

Sustainable Hunting Tourism – Business Opportunity in the Northern Europe. NPPHunt.

- Áhersla: 1 - Tímabil: 2008-2010
- NPP fjármagn: 645.701€
- Framlag Íslands: 140.462 €
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliður: Hjördís Sigursteinsdóttir, hordis@unak.is
- Umsækjandi: Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar og Veiðistjórnarsvið Umhverfisstofnunar.
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Svíþjóð, Skotland og Kanada
- Heimasíða: www.north-hunt.org

- Markmiðið var að styðja við þróun á sjálfbærum veiðum til að efla atvinnulíf og búsetu og taka tillit til veiðimenningar á norðurheimsskautsvæðinu.

Opportunities for Community through Energy Storage - OCTES.

- Áhersla: 2- Tímabil: 2011-2013
- NPP fjármagn: 731.199 €
- Framlag Íslands: 48.000 €
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Ólafur Pétur Pálsson. opp@hi.is
- Umsækjandi: Orkustofnun, Háskóli Íslands, Vestmannaeyjabær og HS orka.
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Finnland, Norður Írland og Grænland.
- Heimasíða: www.octesnpp.com/
- OCTES verkefnið kannaði hvaða áhrif raforkuverð hefur á notkun í dreifbýli og á einangruðum svæðum. Almennt er gerð sú krafa að rafmagn sé til staðar þegar þess er þörf en verkefnið kannaði hvort hægt sé að nota orkuverð eða aðrar upplýsingar til að breyta hegðun neytenda þannig að notkunin verði í takt við framleiðslugetu. Í verkefninu var einnig kannað hvernig orkugeymsluaðferðir geta nýst til orkusparnaðar. Gefnar voru út tvær skýrslur með ítarlegur leiðbeiningum um orkusparnað og niðurstöðum rannsókna um hegðun orkunotenda.

Recruitment and Retention of Health Care Providers and Public Sector Workers in Remote Rural Areas – Recruit and Retain.

- Áhersla: 1- Tímabil: 2011-2014.
- NPP fjármagn: 1.976.409 €
- Framlag Íslands: 91.102 €
- Verkefnisstjórn: Skotland.
- Tengiliður: Hildigunnur Svavarsdóttir, hildig@fsa.is
- Umsækjandi: Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Grænland, Noregur, Svíþjóð, Kanada og Norður-Írland
- Heimasíða: www.recruitandretain.eu/is
- Markmið að kynna starfstækifæri á heilbrigðissviði í Skotlandi, á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð, Grænlandi, Kanada, Írlandi og Norður-Írlandi.

Roadex Network Implementing Accessibility.

- Áhersla: 1 - Tímabil: 2009-2012
- NPP fjármagn: 1.194.205 €
- Framlag Íslands: 59.464 €
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Haraldur Sigursteinsson. haraldur.steinsson@vegagerdin.is
- Umsækjandi: Vegagerð ríkisins í samstarfi við verkfræðistofur.
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Skotland, Írland, Svíþjóð, Grænland og Noregur.
- Heimasíða: www.roadex.org
- Markmið verkefnisins var að stuðla að almennri notkun á ROADEX nýjungum og tækni á Norðurslóðasvæðinu á fjallvegum, skógar- og iðnaðarvegum. Sérstök áhersla var lögð á að kanna áhrif frá loftlagsbreytingum og taka tillit til umhverfissjónarmið. Verkefnið þróaði nýjar aðferðir sem nýtast við uppbyggingu og til viðhalds á fáförnum vegum á norðurslóðum. Upplýsingabanki og kynningar á nýjustu tæknirannsóknum og prófunum er að finna á heimasíðu verkefnisins.

Solutions for Microgeneration to Allow Energy Saving Technology - SMALLEST.

- Áhersla: 2 - Tímabil: 2009-2012
- NPP fjármagn: 732.713 €
- Framlag Íslands: 107.713 €

- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Enok Jóhannsson, enok@austur.is
- Umsækjandi: Þróunarstofa Austurlands í samstarfi við aðila innan orkugeirans.
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Finnland, Norður-Írland, Færeyjar og Grænland.
- Heimasíða: www.smallestnpp.eu
- SMALLEST hefur aukið umfang og gæði hagnýtrar þjálfunar, handleiðslu og aðstoðað jaðarsvæði við að skipta út hefðbundnum orkugjöfum fyrir hagkvæma, örugga og sjálfbæra endurnýjanlega orkugjafa.

Snow, Ice and Avalanche Applications – SNAPS.

- Áhersla: 2 - Tímabil: 2011-2014
- Heildar fjármagn: 597.910 €
- Framlag Íslands: 107.000 €
- Verkefnisstjórn: Ísland
- Tengiliður: Harpa Grímsdóttir, harpa@vedur.is
- Umsækjandi: Snjóflóðasetur Íslands á Vestfjörðum í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga, Vegagerðina og Almannavarnarnefnd Ísafjarðar og Vegsýn ehf.
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð, Finnland og Noregur.
- Heimasíða: www.snaps-project.eu
- SNAPS verkefnið snýst um að þróa og bæta þjónustu sem tengist snjó og snjóflóðum á samgönguleiðum innan valinna svæða á norðurlöndum Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Þátttakendur í verkefninu eru stofnanir sem hafa sérfræðipekkingu á snjó, ís og snjóflóðamálum. Þátttakendur hönnuðu nýtt snjóflóðaspálíkan og viðvörðunarkerfi fyrir íbúa og vegfarendur.

Northern Environment Education Development - NEED.

- Áhersla: 2 - Tímabil: 2008-2010
- NPP fjármagn: 672.000 €
- Framlag Íslands: 130.000 €
- Verkefnisstjórn: Finnland.
- Tengiliður: Þorvarður Árnason, thorvarn@hi.is
- Umsækjandi: Fræðasetur Háskóla Íslands í Höfn Hornafirði í samstarfi við Háskólasetrið á Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafell og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Noregur og Írland.
- Heimasíða: www.uef.fi/need
- Markmið NEED-verkefnisins var að vernda náttúru og menningararf samhliða því að skapa ný og sjálfbær starfstækifæri í dreifðum byggðum þar sem atvinnuþróun hefur átt erfitt uppdráttar. Miðpunktur verkefnisins hér á landi var Vatnajökulsþjóðgarður.

Tourist Guide for Northern Periphery – TG4NP.

- Áhersla: 1 - Tímabil: 2010-2013
- NPP fjármagn: 1.448.461 €
- Framlag Íslands: 50.000 €
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Emil B. Karlsson, emil@bifrost.is
- Umsækjandi: Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst.
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð, Finnland, Írland, Grænland og Noregur.
- Heimasíða: www.tg4np.eu
- Verkefni hagnýtti nýja stafræna leiðsögutækni til að auðvelda ferðamönnum og ferðaþjónustuaðilum að ná saman. Hver þátttakandi hafði mismunandi áherslur um ferðavöru, allt frá leiðsögn fyrir stangveiðimenn til

leiðsagnar fyrir göngufólk í óbyggðum og á menningarsvæðum. Á Íslandi var lögð áhersla á að skrá sem flesta sem selja mat úr héraði og handverk sem tengist nærumhverfinu.

The Sea as Our Neighbour: Sustainable Adaption to Climate Change in Coastal Communities and Habitats on Europe's Northern Periphery - CoastAdapt.

- Áhersla: 2 - Tímabil: 2009-2012
- NPP fjármagn: 767.511 €
- Framlag Íslands: 65.000 €
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Guðrún Pétursdóttir, gudrun@hi.is
- Umsækjandi: Háskóli Íslands, Sveitarfélagið Árborg og Mýrdalshreppur, Siglingamálastofnun, Veðurstofa Íslands, Samtök Sveitarfélaga og Skipulagsstofnun.
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Norður-Írland og Noregur.
- Heimasíða: www.coastadapt.org

Kannaðar voru umhverfisógnir sem steðja að íbúum á Suðurlandi og hvaða augum íbúar og stjórnvöld líta þær og hvernig svæðið var í stakk búnið til að mæta þeim. Hannaðar voru viðbragsáætlanir við margvíslegum ógnum af völdum náttúrunnar, jarðskjálftum, eldgosum, árflóðum og ágangi sjávar.

Craft International

- Áhersla: 1- Tímabil: 2008-2014
- NPP fjármagn: 1.855.677 €
- Framlag Íslands: 203.189 €
- Verkefnisstjórn: Noregur
- Tengiliður: Tinna Björk Arnardóttir, tinnabjork@nmi.is
- Umsækjandi: Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Höfn í Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.
- Þátttökulönd: Ísland, Noregur, Færeyjar, Grænland, Svíþjóð og Írland.
- Heimasíða: www.economusee.no
- Markmið verkefnisins var að vinna að varðveislu á hefðbundnu handverki og mæta þörfum fyrir menningarfræðslu og þjónustu við ferðafólk. Á Íslandi voru opnaðar þrjár hagleikssmiðjur, Gestastofu Sútarans á Sauðárkróki, Arfleið á Djúpavogi og Leir7 í Stykkishólmi.

Our Life as Elderly – OLE I, II.

- Áhersla: 2- Tímabil: 2008-2011
- NPP fjármagn: 1.074.704 €
- Framlag Íslands: 139.254 £
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Guðrún Júlía Jónsdóttir, gjj@hssa.is
- Umsækjandi: Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð, Noregur og Færeyjar.
- Heimasíða: www.ourfuture.eu
- Verkefnið byggir á fyrra verkefni OLE I. Í verkefninu var gerð könnun meðal íbúa um óskir um búsetu og þjónustu við eldri borgara. Niðurstaða OLE I var að til þess að mæta þörfum eldra fólks í framtíðinni væri mikilvægt að vinna áfram með fjóra meginþætti; endurmenntun starfsfólks, lýðheilsu, húsnæðismál og tengslanet eldra fólks. OLE 2 lagði áherslu á nýjar lausnir og þjónustu fyrir þessi svið. Þróaðar voru leiðir til að mæta þörfum eldra fólks og aðgengi heilbrigðisstarfsfólks í dreifbýli að endurmenntun.

Retail in Rural Regions.

- Áhersla: 1- Tímabil: 2009-2011
- NPP fjármagn: 741.159 €
- Framlag Íslands: 89.450
- Verkefnisstjórn: Finnland

- Tengiliður: Emil B. Karlsson, emil@bifrost.is
- Umsækjandi: Rannsóknarsetur verslunarinnar Háskólanum á Bifröst, Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Samtök verslunarinnar, Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands í samstarfi fyrirtæki.
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Írland, Færeyjar, Skotland og Norður-Írland.
- Heimasíða: www.rrr-project.net
- Tilgangur verkefnisins var að renna styrkari stoðum undir rekstur dreifbýlisverslana og finna lausnir sem henta hverri verslun meðal annars með því að greina hverjir séu bestu valkostirnir til að auka arðsemi, auka gæði og fjölga þjónustupáttum. Heildarmarkmið var að bæta þjónustu og búsetugæði í litlum samfélögum.

Rural Innovation and Business Systems – RIBS.

- Áhersla: 1 - Tímabil: 2010-2012
- NPP fjármagn: 661.193 €
- Framlag Íslands: 80.745 €
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Torfi Jóhannesson og Anna Steinsen, anna@ssv.is
- Umsækjandi: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vaxtarsamningur Vesturlands.
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Svíþjóð og Írland.
- Heimasíða: www.ruralinnovation.eu
- Tilgangur verkefnisins var að vinna að því að þróa viðskiptakerfi til að efla frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki við þróun og nýsköpun. Áhersla var lögð á samstarf með stofnun ferðaþjónustuklasa og héraðs-klasa (regional cluster) sem er skilgreint sem landfræðilega afmörkuð þyrping fyrirtækja sem eru háð fer öðru innbyrðis. Helstu niðurstöður fyrirtækjakönnunarinnar var að í dreifbýli á Íslandi hentaði ekki hefðbundin hugmyndafræði um klasa. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vaxtarsamningur Vesturlands unnu að þróun og prófuðu smáklasa verklag/aðferð, sem felst m.a. í samstarfi fimm til sjö fyrirtækja. Klasinn fékk ráðgjöf og aðstoð í eitt ár en eftir það var hann sjálfbær. Niðurstöður fyrirtækjakönnunarinnar á Íslandi leiddi m.a. í ljós skort á kunnáttu í leiðtoga- og breytingastjórnun, markaðssetningu og stefnumótun. Í kjölfarið var boðið upp á tvö námskeið/námsleiðir við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Skotland og Írland hafa líst yfir áhuga á að nota smáklasaaðferðina sem Ísland þróaði við uppbyggingu ferðaþjónustuklasa og klasasamstarf í skapandi greinum.

Rural Transport Solutions. – RTS.

- Áhersla: 1- Tímabil: 2009-2012
- NPP fjármagn: 1.050.200
- Framlag Íslands:
- Verkefnisstjórn: Finnland.
- Tengiliður: Ingigerður Erlingsdóttir, inga@austur.is
- Umsækjandi: Þróunarstofa Austurlands, Fjarðarbyggð, Vegagerð ríkisins í samstarfi við Mannvit verkfræðistofu.
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Svíþjóð og Skotland.
- Heimasíða: www.rtsnpp.eu
- Markmið verkefnisins var að efla vistvænar almenningssamgöngur í dreifbýli. Hluti verkefnisins fólst í því að rannsaka hvaða valkostir væru til staðar til þess að gera almenningssamgöngur á landsbyggðinni umhverfislega hagkvæmari. Skilgreina nýjar lausnir og/eða endurbætur á núverandi þjónustu. Að innleiða lausnir og/eða endurbætur og endurmeta stöðu almenningssamgangna. Verkefnið var unnið með Austurland í huga. Hagkvæmast var að nýta lífdísil sem fellur til á Austurlandi. Íbúum á svæðinu gafst kostur á að nota rútur Alco-Fjarðaráls og sérleyfishafar fjölgðu ferðum.

Social Enterprises in Community Renewable Energy. SECRE

- Áhersla: 1 - Tímabil: 2011-2014.
- NPP fjármagn: 1.536.136
- Framlag Íslands: 44.819

- Verkefnisstjórn: Finnland.
- Tengiliður: Arna Lára Jónsdóttir, arnalara@nmi.is
- Umsækjandi: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Norður-Írland, Írland, Skotland, Svíþjóð, Noregur og Grænland.
- Heimasíða: www.secre.eu
- Kannaðar voru ýmsar leiðir til að nýta orkugjafa með nýjum aðferðum s.s, notkun varmadæla, líforku, skógarafurðir, vindorku, vatnsorku og jarðhita. Búin var til gagnabanki þar sem fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta leitað í þegar sett eru á fót verkefni í sjálfbærri orku. Þar má m.a. finna upplýsingar um fjármögnun og stofnkostnað. Útgefin voru upplýsingarit með dæmisögum um verkefni sem taka á mismunandi sjálfbærum orkukostum til nýtingar. Í tengslum við verkefnið hafa íslensk fyrirtæki sem framleiða og setja upp varmadælur myndað þekkingarnet með norskum aðilum sem vinna að sambærilegum verkefnum í Noregi.

Sustainable Transport in Rural Tourism Areas – Trans Tourism.

- Áhersla: 1 - Tímabil: 2010-2013
- NPP fjármagn: 807.669 €
- Framlag Íslands: 30.000 €
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Eyrún J. Bjarnadóttir, ejb@unak.is
- Umsækjandi: Rannsóknarmiðstöð ferðamála í samstarfi við Þróunarfélagi Austurlands, Markaðsstofu Austurlands, Vegagerðina og ferðaþjónustuaðila á Borgarfirði eystra.
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð, Skotland, Norður-Írland og Írland.
- Heimasíða: www.transtourism.eu
- Verkefnið vann að þróun samgangna í dreifðum byggðum í þágu ferðaþjónustu og heimafólks. Í tengslum við verkefnið safnaði Rannsóknarmiðstöð ferðamála gögnum sem sýna fram á mikilvægi samgangna fyrir ferðaþjónustu. Í verkefninu vann Rannsóknarmiðstöðin að ferðaskipulagsvef almenningssamgangna á Íslandi í samstarfi við Strætó og VSÓ ráðgjöf.

Thing Sites International Networking Group. THING.

- Áhersla: -2 Tímabil: 2009-2012
- NPP fjármagn: 485.378 €
- Framlag Íslands: 61.375€
- Verkefnisstjórn: Noregur.
- Tengiliður: Einar Ásgeir Sæmundsson.
- Umsækjandi: Þjóðgarður á Þingvöllum.
- Þátttökulönd: Ísland, Noregur, Skotland og Færeyjar.
- Heimasíða: www.thingproject.eu - <http://www.thingsites.com>
- Markmið að efla og auka þekkingu á sögu þingstaða, hvernig hægt er að kynna hana og hvernig megi efla ferðaþjónustu á þessum stöðum. Verkefnið vann með þingstaði sem kunnir eru frá víkingatímanum.

Nánari upplýsingar um verkefni er hægt að nálgast á <http://www.northernperiphery.eu/> og <http://nppoutcomes.eu/>